

Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru (726. mál)**

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar dags. 23. apríl sl. um ofangreint mál á þingskjali 1255.

**I. Almenn**

Félag atvinnurekenda styður eindregið þær aðgerðir, sem kveðið er á um í frumvarpinu til stuðnings fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir áföllum vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar, svo og til að styrkja og efla nýsköpunarfyrirtæki.

FA telur hins vegar að ganga þurfi lengra til að koma til móts við fyrirtækin. Félagsmenn FA eru að stærstum hluta minni og meðalstór fyrirtæki. Í könnun, sem gerð var meðal félagsmanna í byrjun mánaðarins, kom fram að mikill meirihluti fyrirtækjanna, eða um 80%, er í þeirri stöðu að verða fyrir verulegu tekjufalli samanborið við síðasta ár. Þriðjungur telur tekjutapið nema meira en 50%.

**II. Tímabundin niðurfelling og/eða lækkun tryggingagjalds**

Í ljósi þessarar alvarlegu stöðu liggur í augum uppi að frestun á greiðslu opinberra skatta og gjalda, líkt og kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins og í fyrri aðgerðapakka stjórnvalda, dugar í mörgum tilvikum skammt. Jafnframt eru ýmsir félagsmenn í þeirri stöðu að þrátt fyrir tekjufall kostar meiri vinnu en áður að viðhalda viðskiptasamböndum, nálgast vörur frá birgjum og tryggja aðföng, þannig að þeir hafa ekki séð sér fært að nýta hlutabótaleiðina nema að takmörkuðu leyti. Lækkun á launatengdum kostnaði þessara fyrirtækja myndi augljóslega hjálpa til.

Félagið lagði í umsögn um fyrri aðgerðapakka stjórnvalda til að tryggingagjald verði fellt niður tímabundið og/eða lækkað verulega, en gjaldið er enn heilu prósentustigi hærra en það var áður en hækkun þess hófst eftir fjármálahrunið. Sú tillaga skal ítrekuð hér.

**III. Lán til matvælainnflutningsfyrirtækja**

Innan vébanda FA eru mörg matvælainnflutningsfyrirtæki, sem orðið hafa við tilmælum stjórnvalda um að auka birgðir tiltekinna vara til að tryggja fæðuöryggi í heimsfaraldrinum. Birgðaaukning þýðir í mörgum tilvikum mikla fjárbindingu, sem getur numið tugum milljóna króna hjá einstökum fyrirtækjum og hefur neikvæð áhrif á rekstur þeirra á erfiðum tímum.

Mörg þessi fyrirtæki hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli þrátt fyrir góða sölu á neytendamarkaði vegna þess að veitinga- og gistihúsamarkaðurinn er hruninn. Tilraunir til

að fá fjármögnun á birgðum hjá viðskiptabönkum á hagstæðum kjörum hafa a.m.k. enn sem komið er ekki borið árangur.

FA leggur því til að við frumvarpið verði bætt ákvæðum um sérstök lán á hagstæðum vöxtum og með ríkisábyrgð til fyrirtækja sem tekið hafa á sig kostnað til að tryggja fæðuöryggi landsins í heimsfaraldrinum og þá tekið mið af fjárbindingu hvers fyrirtækis fyrir sig vegna birgðaaukningar.


#### **IV. Skýrleiki lagaákvæða um greiðslu launa starfsmanna í sóttkví**

FA styður þá breytingu á lögum nr. 24/2020 sem lögð er til í b-lið 7. gr. frumvarpsins. FA hefur ráðlagt félagsmönnum sínum að samþykkja ekki launagreiðslur til starfsmanna ef þeir hafa ferðast til landa sem heilbrigðisyfirvöld hafa fyrir brottför skilgreint sem áhættusvæði og mælt fyrir um sóttkví eftir heimkomu. Jákvætt er að allur vafi sé tekinn af um skýrleika laganna að þessu leyti.

#### **V. Að lokum**

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. FA er að sjálfstöðu reiðubúið að funda með nefndinni sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA